



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

13.apríl 2015

Mættir:

Elín Smáradóttir –formaður	Erla Kristín Árnadóttir - kraftlyftingadeild
Ragnar Rafnsson – gjaldkeri	Sigurður Örn Jónsson -fimleikad
Hreinn Októ Karlsson – ritari	Arnar Þorkelsson – handknattleiksdeild
Sigrún Hallgrímsdóttir -meðst boðaði forf	Magnús Gunnarsson– knattspyrnudeild.
Ásta Sigvaldadóttir - verkefnastjóri	Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.
Arnar Rafn Birgisson meðstjórnandi	Kristinn Þorvaldsson- varamaður boðaði forföll
Pétur Blöndal-varamaður boðaði forföll	

Dagskrá:

1. Kynning stjórnarmanna
2. Yfirlit deilda
3. Vorfagnaður Gróttu
4. Önnur mál

Nýr formaður Gróttu Elín Smáradóttir setti fundinn og bauð alla velkomna og stakk uppá að allir fundarmenn kynntu sig og segðu aðeins frá sér og sinni framtíðarsýn fyrir Gróttu. Farinn hringur hjá fundarmönnum og þeir kynntu sig. Liður 1 og 2 voru teknir saman hjá deildunum.

1-2 Yfirlit deilda og kynning stjórnarmanna

Fimleikadeild

Nýr formaður fimleikadeildar Sigurður Örn kynnti sig og sagði aðeins frá sér. Ræddi hann um aðstöðuleysið hjá fimleikadeildinni sem væri farið að standa deildinni fyrir þrifum. Mikill munur er á aðstöðunni hjá Gróttu og hinum fimleikafélögum á stór Reykjavíkursvæðinu. Margar af elstu stelpunum í meistaraflokkunum eru farnar að æfa einu sinni í viku hjá öðrum félögum sem eru með betri aðstöðu, æfa hjá Ármanni. Talað hefur verið um á milli félaganna á stór Reykjavíkursvæðinu að hafa einhverja útgáfu af Reykjavíkúrvali/samstarfi fyrir þá sem er aðeins eldri en ekkert hefur verið ákveðið í þeim efnum. Búið er að biðja núverandi þjálfara hjá fimleikadeildinni að hætta mánuði fyrr en samningurinn rennur út og gekk það. Það gengur illa að ráða nýjan þjálfara fyrir hana, er verið að skoða þálfara erlendis frá en ekkert spennandi hefur komið upp, engir íslenskir þjálfarar vilja koma vegna fyrrgreinds aðstöðuleysis.





Búið er að brúa bilið með erlendum þjálfara til 25-26 apríl. Það var stökkmót á vegum Gróttu í íþróttahúsinu um sl helgi 11. -12. apríl sem gekk mjög vel.

Handknattleiksdeild.

Næstur var það Arnar Þorkelsson sem kynnti sig og fór yfir sína sögu í Gróttu sem spannar 12-13 ár í ýmsum störfum. Það gengur vel hjá handknattleiksdeildinni um þessar mundir. Meistaraflokkur kvenna að fara að keppa á móti ÍBV í undanúrslitum Íslandsmóts, fyrsti leikur 23. apríl. Karlarnir unnu sér sæti í Olísdeildinni að ári. Byrjað er að vinna í þjálfaramálum fyrir yngri flokka næsta árs. Nýtt fólk komið í unglingaráðið og gengur vinna þar vel

Kraftlyftingadeild.

Þá var komið að henni Erlu Kristínu frá Kraftlyftingadeildinni. Hún sagði að mest orka í störfum deildarinnar færi í erfið samskipti við KRAFT(stofnað 2010). Þar á bæ hefðu þeir allt á hornum sér gagnvart Gróttu. Starfið hjá Gróttu gengur vel þeir eiga heimsmeistara unglinga og núna síðast bronsverðlaunahafa frá EM unglinga. Þeir hafa ekki þurft að fara í kynningarstarf fólk hefur komið í hrönnum. Þeir eru með hátt í 200 iðkendur í deildinni.

Knattspyrnudeild

Magnús gjaldkeri knattspyrnudeildar var næstur á mælendaskrá. Hann kynnti sig og fór yfir starfið hjá deildinni núna. Helsta verkefnið er að karlaliðið haldi sér í 1. deildinni sem það vann sig upp í síðasta sumar. Verður erfitt, mikil harka í deildinni en stefnan er sett hátt.

Aðrir stjórnarmenn

Fyrsta skal nefna Kristínu Finnbogadóttur framkvæmdastjóra Gróttu. Gitta eins og hún er kölluð hefur verið hjá Gróttu í 13 ár og hefur einungis einn maður á landinu verið lengur en hún í starfi.

Arnar Rafn var næstur. Kynnti hann sig og fór yfir sinn bakgrunn. Er að koma aftur inní félagsstörfin eftir 15 ára hvíld. Hann er í forsvari fyrir tækni/tölvunefndinni sem er að fara yfir öll tölvumál Gróttu.

Ragnar gjaldkeri kynnti sig næstur og sagðist hafa verið plataður fyrir 2 árum í stjórn. Allt lítur vel út hjá félaginu náðugir tímar framundan.

Ásta verkefnastjóri kom svo næst. Hún er búinn að vinna lengi innan Gróttu hin ýmsu störf td sem formaður fimleikadeildar svo eitthvað sé nefnt.

Hreinn Októ gjaldkeri sagði frá sér og sinni framtíðarsýn. Hann er búinn að vera í stjórn Gróttu í 2 ár.





Þá var komið að nýja formanninum Elínu Smáradóttur. Hún hefur lengi verið að fylgjast með Gróttu í gengum börnin sín 3. Ákvað að skella sér í þetta eftir að fráfarandi formaður Haraldur Eyvinds kom að máli við hana. Ræddi hún um að Gróttu þyrfti að horfa innánvið, hún hefur fundið fyrir togstreitu á milli deilda innan félagsins sem þyrfti að laga. Oft er of mikið álag fyrir börnin að þurfa að velja á milli kappleikja sem er settir á sama tíma hjá sitthvorri deildinni.

Var mikið rætt í kjölfarið að Gróttu þyrfti að setja sér stefnu í þessum málum. Það þurfa að koma áherslur frá aðalstjórn hvernig þessu á vera háttað. Arnar Þ benti á að æfingum hefði verið fækkað með tilkomu sameiginlegra styrktaræfinga. Magnús sagði frá fundi hjá ÍSÍ sem fjallaði um ofþjálfun barna og að þjálfarar og foreldrar þurfi að bera ábyrgð á að börnin æfi ekki of mikið.

3. Vorfagnaður Gróttu

Öllum stjórnarmönnum og þjálfurum í Gróttu hefur verið boðið í fagnaðinn undanfarin ár. Arnar Þ kom með þá uppástungu að breyta þessu í haustfagnað. Var vel tekið í það og það samþykkt. Elín kom með hugmynd um að hafa þetta einskonar starfsdag Gróttu sem endaði með haustfagnaði. Ásta og Gitta munu finna tíma í september.

4. Önnur mál

- Rætt var um að stækkun íþróttahúss væri nauðsynleg fyrir allt félagið ekki bara fimleikadeild. Gróttu verður að fara fá svar frá Seltjarnarnesbæ hvað á að gera. Verðum að standa saman sem einn maður að pressa á þetta.
- Ásta kom með skilboð frá Hauki Geirmunds íþróttafulltrúa Seltj. um að það eigi að vera heilsudagar á Seltj. 7-9 maí nk. Hvað getur Gróttu gert til að vera með? Ásta mun skoða þetta t.d. að hafa opnar æfingar.
- Innanfélagsmót Gróttu í kraftlyftingum verðu haldið 2.maí.
- Ásta kom með skilboð frá UMSK að Gróttu ætti að vera duglegri að hafa samband við þau til þess að fá aðstoð/hjálp við að sækja um styrki til ýmissa verka. Þau eru að bjóða uppá tvönnu fyrirlestra, annarsvegar um Næringu íþróttafólks, fyrirlesari Fríða Rún næringarfræðingur og hinsvegar fyrirlestur um forvarnir og uppbygginu sem Vanda Sig. er með. Mikill vilji hjá fundarmönnum að fá þessa fyrirlesara til að koma.
- Arnar Rafn vildi aukna áherslu í starfi Gróttu á að efla bæjarbraginn, að höfðað sé til allra Seltirninga þegar félagið stendur fyrir skemmtun og tekur þátt í stærri íþróttaviðburðum. Vísað til Eyjamanna(ÍBV), skagamanna (ÍA) og Seltyrninga í þeim efnun.
- Arnar Þ sagði frá hvað gert er á Selfossi. Þar selur íþróttafélagið fána merkta íþróttafélaginu og fólk skráir sig á póstlista í leiðinni. Þegar eitthvað er um að vera hjá íþróttafélaginu fá allir póst sem keyptu fána og þá er flaggað. Skapar skemmtilegan bæjarbrag.
- Aðeins rætt um tölvumálin og farið yfir hvað betur mætti fara. Skoða kannski instagram, of margar síður á FB, hvað á að vera sýnilegt og hve mikið og oft. Mikil þekking er í nefndinni.





- Arnar R koma á fimleikamótið um helgina og sagði að skipulagnin hefði verið til fyrirmyndar. Benti á að það þyrfti að skapa aukna stemmingu á handbolta –og fótboltaleikjum.
- Ragnar vill fá BÚÐINA NIÐUR í andyri.

Fundi slitið kl 21:30

